

## Fundargerð 411

Föstudaginn 17. janúar 2014 kl. 10:25 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í húsnaði Jarðbaðanna við Mývatn. Þessi stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður (í gegnum síma og skype), Guðmundur R. Gíslason, Rögnvaldur Ólafsson, Ólafía Jakobsdóttir, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir og Ólöf Hallgrímsdóttir varaformaður sem stjórnaði fundi. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs, Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs og Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fund kl. 10:25 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar 2013
3. Starfs- og rekstraráætlun 2014
4. Viðbótarflamark Byggðastofnunar – staðfesting samninga
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Áhættuflokkun útlána - kynning
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Varaformaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 410 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar 2013

AÐ fór yfir framfylgd áætlunar 2013, sundurliðun á almennum rekstrarkostnaði og kostnað við rekstur fullnustueigna. AÐ fór einnig yfir stöðu verkefna í starfsáætlun ársins.

### 3. Starfs- og rekstraráætlun 2014

AÐ fór almennt yfir áætlunina, MH fór yfir almennan rekstur, EGK fór yfir útlánaáætlun og SBS fór yfir verkefni þróunarsviðs. Til máls tóku ÞB, GRG, ÓH, MHJ, ÓJ og RÓ

Starfs- og rekstraráætlun 2014 borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða

#### 4. Viðbótaraflamark

AÐ fór yfir samninga um samstarfskvóta við aðila á Flateyri og Drangnesi. Samningarnir samþykktir samhljóða - umræða um stjórnarsýslumál vegna Goðaborgar á Breiðdalsvík. Til máls tóku AÐ, ÓH, ÞB, HÁ.

#### 5. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 25/13, 10. desember 2013*

*Fundargerð lánanefndar nr. 26/13, 19. desember 2013*

EGK fór yfir fundargerðirnar – umræða um Iðufell í Laugarási. Til máls tóku HÁ, ÞB, GRG, AÐ, ÓH

Fundargerðirnar samþykktar.

#### 6. Áhættuflokkun útlána – kynning

AÐ og EGK kynntu málið. Til máls tóku ÞB, ÓJ, ÓH, SBS, MHJ, RÓ

#### 7. Önnur mál

AÐ kynnti framkomna beiðni frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um að Byggðastofnun geri tillögu um svæðaskiptingu vegna hugsanlegrar ráðstöfunar veiðigjalds til landsbyggðanna. Stjórn taldi þörf á nánari skýringum frá ráðuneytinu. Til máls tóku ÞB, SBS, ÓH

HÁ fór yfir stöðu mála varðandi frystihúsið á Breiðdalsvík. Til máls tóku ÓH, ÞB, GRG, RÓ og AÐ.

#### 8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 14. febrúar 2014 í Neskaupstað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:02

Hjalti Árnason, fundarritari

---

---

---